

# Ragnar Ásgeirsson.

Mér virðist svo sem með hafi varla veitt því nægilega eftirtekt, hversu skemmtilegur og mikilsverður rithöfundur Ragnar Ásgeirsson er. Hann er orðinn einn af fremstu Íslandsfræðingum á sinu sviði, og eignar vár honum að þakka margan mikilsverðan fróðleik um landið og þjóðina, einkum búandfólkis, sem hann þekkir flesum fleira og betur. Og svo hefir hann það lika til að skrifa skemmtilega um útlönd, eins og greinar hans um dvöl og ferðir í Danmörku og Noregi sýna.

Þessar ritgerðir Ragnars Ásgeirssonar, sem eg á við, eru vissulega þess verðar, að þeim vieri safnað i bók, og eru línur þessar ritaðar til þess að stuðla að því, ef verða mætti, að svo yrði gert.

14. sept.

Helgi Pjetursen.